


Breiðagerðisskóli

2025 - 2026



3.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	3
Nestis og matarmál nemenda	4
Endurvinnsla.....	4
Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru.....	4
Heimanám	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska.....	6
Samfélagsgreinar	14
Náttúrugreinar	15
Enska	16
Upplýsinga- og tæknimennt	17
Myndmennt	17
Textílmennt	18
Hönnun og smíði	19
Tónmennt	21
Dans.....	22
Heimilisfræði.....	23
Skólaíþróttir.....	24
Sund.....	25
Útikennsla.....	26
Stoðþjónusta	27

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 3. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við [Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, Greinasvið 2013](#), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Endurskoðun árganganámskráa vegna nýrra greinanámskráa er hafin en mislangt komin sjá nýja aðalnámskrá [hér](#).

Kennarar í árganginum

Hildur Hanna Ingólfssdóttir	umsjónarkennari
Margrét Ólafssdóttir	umsjónarkennari
Casper Vilhelmsen	sund og íþróttir
Viktor Berg Arnarsson	íþróttir
Elinóra Kristinsdóttir	myndmennt
Halla Leifssdóttir	hönnun og smíði
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	dans
Steinunn Svansdóttir	textílmennt
Mínerva Alfreðssdóttir	heimilisfræði
Ásdís Björg Gestsdóttir	tónmennt

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið snýst annars vegar um nám og velferð hvers einstaklings og hins vegar um starf í einstökum árgöngum um nám, félags- og tómstundarstarf. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila.

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: Að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með

kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2011) kemur fram að skólar skuli stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Við skipulag og matseðlagerð fyrir Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Breiðagerðisskóli kaupir hádegismat af Skólamat. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Starfsfólk Breiðagerðisskóla vill beina þeim tilmælum til foreldra að senda börn sín með hollt nesti í skólann. Mælst er til að ekki séu notaðar einnota drykkjarumbúðir en þess í stað notaðir drykkjarbrúsar undir drykki.

Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu með tölvupósti frá kennurum.

Við viljum minna á að Breiðagerðisskóli er hnetulaus skóli.

Endurvinnsla

Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru hlutverki. Þeir sjá um að fara með lífrænan úrgang í flokkunarstöð og flokka pappír, plast og málma í kennslustofunum. Allir árganga fá fræðslu um nauðsyn þess að flokka úrgang og þar útskýrð jákvæð áhrif flokkunar á umhverfið.

Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er sjálfbærni. Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni er að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í ekki lakara ástandi en við tókum við því.

Umhverfið og náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Nemendur þurfa því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Umhverfisvernd er því dæmi um eitt úrlausnarefni sjálfbærrar þróunar og er því mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun úrgangs og gefa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í því.

Heimanám

Heimanám er frekari þjálfun á þeim viðfangsefnum sem eru í gangi í skólanum. Heimanámið í 3. bekk byggir á aðstoð foreldra/forráðamanna. Mjög mikilvægt er að heimanámi sé vel sinnt. Kannanir hafa sýnt fram á að ef foreldrar sinna heimanámi vel og sýna náminu áhuga, þá hefur það jákvæð áhrif á námsárangur barnanna.

3. bekkur: Lestur í a.m.k. 15 til 20 mínútur 5 daga vikunnar og skrifa 2 – 3 fyrirmyndarmálgreinar í tengslum við heimalestur á viku. Að auki er um það bil eitt verkefni aðra hvora viku, ýmist skrift, ritun eða stærðfræði. Heimanám fer heim á þriðjudögum og heimanámsskil eru á þriðjudögum viku síðar.

Námsmat

Námsmat í 1.-7. bekk er reglubundinn þáttur í skólastarfinu og er megin tilgangur þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið. Námsmatið er fjölþætt og verður m.a. metin þekking, samvinna, leikni og vinnubrögð ásamt frumkvæði og skapandi hugsun. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og verður m.a. stuðst við kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og mat á einstökum verkefnum. Námsmatsviðtöl eru tvisvar á þessu skólaári, en þá ræða nemendur, foreldrar og kennarar nám nemenda og líðan þeirra í skólanum. Fyrri viðtalið er í október og þá meta nemendur sjálfir í samvinnu við foreldra sína ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu og námi og skólastarfi og verður það ásamt mati kennara til umræðu á fundinum. Annað viðtalið er í lok janúar en því viðtali stýra nemendur.

Í upphafi annar setja kennarar inn námslotur fyrir hverja námsgrein. Þar koma fram þau hæfniviðmið sem stefnt er að með áætlunum, einnig markmið og leiðir hvernar greinar til að uppfylla þau hæfniviðmið.

Námsmatið byggir á símati sem felur í sér að kennarar setja öðru hvoru eftir því sem við á nýtt mat inn í Mentor. Matið byggist alltaf að einhverju leyti á sjálfsmati nemenda þannig eru þeir þátttakendur í matinu.

Læsi í viðum skilningi er einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá. Lögð eru fyrir lesskilningspróf í janúar og í lok maí. Prófin kanna hversu vel nemendum gengur að skilja meginefni í texta, átta sig á staðreyndum, skilja erfið orð og orðasambönd, lesa milli lína og draga ályktanir. Prófin eru því greinandi og auðvelda kennurum að leiðbeina nemendum við námið, þannig að lesskilningur nemanda haldi áfram að þróast. Einnig eru lögð fyrir lesfímipróf í september, janúar og maí. Prófin mæla hversu vel börnin hafa náð tæknilegum lestri, þ.e. hraði og nákvæmni.

Lagt er fyrir prófið Talnalykill sem er samræmd skimun í stærðfræðikunnáttu í Reykjavík.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Árganginum er skipt í 4 námshópa. Hóparnir fara síðan á milli kennslustofa og eru tveir og tveir saman. Þrískipt er í list- og verkgreinahópum og sundhópum. Markmiðið með hópaskiptingu og þemaverkefnum er að auka félagsfærni, efla sjálfstæði og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda skv. stefnu skólans.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið – Íslenska](#). Við vísum í viðmið inni í lotu greinarinnar í mentor.

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Byrjendalæsi

Í 3. bekk er stuðst við Byrjendalæsi í kennslu. Það byggir á samvirkum kennsluaðferðum. Um er að ræða heildstæða móðurmálskennslu sem fléttar saman lestur, ritun, málfræði, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem er lesinn og orðaforði nemenda styrktur með umræðum um hann. Fundið er lykilorð úr textanum og það notað til að skoða orðmyndun, letur, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift, ritun og fleira. Orðaforði úr textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það eru nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lesturs. Ritunarvinna byggir á orðaforða texta sem upphaflega var unnið með. Unnið er með lestrarkennsluna í lotum og skiptist vinna nemenda í fjóra þætti: sýnikennslu, þátttöku nemenda, virkni þeirra með stuðningi og sjálfstæð vinnubrögð. Notaðar eru margvíslegar kennsluaðferðir til að gera kennsluna skilvirka og fjölbreytta. Með því aukast líkurnar á því að kennarinn mæti þörfum allra nemenda.

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Talað mál, hlustun og áhorf

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur þjálfist í að koma fram fyrir framan kennara og hóp, beiti skýrum og áheyrilegum framburði, geti hlustað á aðra og sagt frá efni sem unnið er með í eigin orðum. Mikilvægt er að geta átt góð samskipti, hlustað á kennara og aðra nemendur og sýnt samnemendum og kennara kurteisi og virðingu.

Efnisþættir

Upplestur kennara, nemenda og annarra, framsögn, söngur, framkoma.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna verkefni og fara í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu og að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum. Nemendur eru þjálfaðir í að taka þátt í samræðum og að tileinka sér reglur sem gilda í hóp. Lögð er áhersla á að þeir sýni samnemanda og/eða kennara sem talar virðingu með því hlusta af athygli og hafa kyrrð og næði. Nemendur eiga að rétta upp hönd og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka þátt í umræðum. Nemendur fá tækifæri til að ræða við aðra nemendur, t.d. þegar vandamál koma upp og leita lausna.

Nemendur hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og þulum. Nemendur ræða efni texta, einstök orð og orðasambönd. Þeir segja frá myndum sem þeir búa til í tengslum við texta. Nemendur segja frá eigin reynslu, endursegja og/eða lesa sögur/ljóð upphátt fyrir samnemendur og kennara. Nemendur syngja saman og hlusta/horfa/taka þátt í tónlistarflutningi.

Nemendur taka þátt í leikrænni tjáningu og horfa á leikin atriði. Allir nemendur sýna atriði á jólaskeiðinu fyrir foreldra og skólasystkini.

Námsgögn

Fræðitexti, sögur, leikrit, ljóð og þulur. Myndir og ritsmíðar nemenda. Lög og textar, myndbönd/myndir og efni af neti.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur auki lestrarhæfni sína og orðaforða, kynnist margs konar textum, geti lesið fyrirmæli og fylgt þeim og lesið bæði sér til gagns og ánægju

Efnisþættir

Orðaforði, bækur, sögur, leikrit, ljóð, þulur, upplestur, hljóðlestur, yndislestur, samlestur, upplýsingaöflun, umræður, mynd- og rafrænt efni.

Leiðir að markmiðum

Kennari les gæðatexta fyrir nemendur. Unnið með orðaforðann á margvíslegan hátt. Nemendur lesa upphátt hverjir fyrir aðra, í samlestri, kórlestri og fyrir kennara sögur sem unnið er með hverju sinni. Nemendur lesa ýmist upprunalega textann eða búa til sinn eigin texta. Nemendur og kennarar ræða saman efni sögunnar og kennari spyr spurninga úr sögunni. Nemendur svara spurningum úr sögunni og búa sjálfir til eigin spurningar. Nemendum er kennt á markvissan hátt að spá fyrir um framvindu, lesa á milli línanna, draga ályktanir og ráða í merkingu orða út frá samhengi í texta. Nemendum eru kenndar leiðir sem nýtast í gagnvirkum lestri.

Lögð er áhersla á að hafa texta og verkefni sem verið er að vinna með sýnileg þannig að nemendur lesi hverjir hjá öðrum.

Nemendur velja sér bækur að eigin vali á bókasafni skólans og þeim er búin aðstaða til að lesa sér til gagns og gamans í skólastofunni. Auk þess eru bækur sem tengjast námsefni hverju sinni inni í stofum í samstarfi bókasafnskennara og bekkjarkennara.

Námsgögn

Margskonar textar s.s. sögur, leikrit, ljóð, þulur, táknmyndir, skýringarmyndir og kort. Sérútbúin spil og verkefni. Ýmsar lestrarbækur.

Ritun

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur þjálfist í að skrifa texta, bæði sögur og einfalda fræðitexta, hafi skýra og læsilega rithönd, kynnist einföldum ritunarrömmum og læri einfaldar stafsetningarreglur. Nemendur æfa sig í að skrifa texta á tölvu og beita einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

Efnisþættir

Stafráttur, stafastærð, hástafir, lágstafir, bil milli orða, línubil, réttiritun, textagerð, ritunarrámmar, hugtakakort.

Leiðir að markmiðum:

Nemendur fá þjálfun í að draga rétt til stafs við lykilorðavinna, eftir fyrirmynd við að skrifa í hefðbundnar skrifarbækur og stílabækur.

Nemendur fá þjálfun í að stafsetja rétt. Notast er við sóknarskrift, rétt eftir réttu og lykilorðavinna í tengslum við þann texta sem verið er að vinna með hverju sinni. Nemendur semja texta (fræðitexta, sögur, ljóð, frásagnir) sem byggir að einhverju leyti á orðaforða þess texta sem verið er að vinna með. Nemendur kynnast og nota ýmis hjálpartæki í ritun, s.s. hugtakakort, leiðarkort og ritunarrámma.

Námsgögn

Skrifarbækur, s.s. Skrift, Litla lesrún og ýmsir textar s.s. sögur, leikrit, ljóð.

Málfræði

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur þekki helstu einingar málsins og þekki ýmis hugtök svo sem sérnöfn, samnöfn, samheiti og andheiti og geti unnið með stafrófið.

Efnisþættir

Bókstafir, orð, setningar, málsgreinar, hljóð, sérhljóð, samhljóð, stafróf, rím, samnöfn, sérnöfn, samheiti, andheiti, lýsingarorð, sagnorð, samsett orð, eintala, fleirtala.

Leiðir að markmiðum

Lykilorð er notað á margvíslegan hátt og þau valin með tilliti til markmiða. Texti og/eða lykilorð eru notuð til að fjalla um samsett orð, samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, eintölu og fleirtölu, stafrófið og stafrófsröð. Nemendur fá

tækifæri til að leika með ýmis einkenni tungumálsins s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki.

Námsgögn

Ýmsir textar, sérútbúin verkefni, verkefnabækur s.s. Ritrún 3 og kennsluforrit.

Heimanám

Nemendur lesa heima a.m.k. 5 daga vikunnar og skrifa 2 -3 málsgreinar daglega í tengslum við heimalestur. Að auki koma verkefni í skrift , málfræði og ritun heim um það bil aðra hverja viku.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið-Stærðfræði](#)

Breiðagerðisskóli hefur undanfarinn áratug unnið að innleiðingu breyttra kennsluaðferða í stærðfræðikennslu yngri barna. Kennsluaðferðin byggir á hugmyndafræði rússneska sálfræðingsins og uppeldisfræðingsins Leonid Zankov. Hugmyndafræðin byggir á að örva vitsmunafroska barna með stærðfræðilegum umræðum og fjölbreyttum krefjandi verkefnum.

Hugmyndafræðinni kynntust kennarar Breiðagerðisskóla í Noregi þar sem góður árangur hafði náðst. Sjá [hér](#).

Í vetur 2025-2026 höldum við áfram að leggja áherslu á Zankov stærðfræðina sem hefur hlotið íslenska nafnið Neisti, og nýtum annað efni, t.d. Sprota og Stærðfræðispējara, til að styðja við þá vinnu

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur geti rætt um stærðfræði og útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og leyst ýmsar stærðfræðiþrautir með áþreifanlegum hlutum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Meginmarkmið eru að nemendur geti unnið einir og í samvinnu við aðra að lausn verkefna og geti nýtt sér aðferðir stærðfræði í daglegu lífi.

Tölur og reikningur

Meginmarkmið

Meginmarkmið er að nemendur geti notað hentugar reikniaðferðir svo sem samlagningu, frádrátt, margföldun í einfaldri mynd og kynnist deilingu.

Nemendur kynnast einnig ýmsum hugtökum tengdum talnaskilningi.

Algebra

Meginmarkmið

Meginmarkmið er að nemendur geti fundið lausnir á einföldum jöfnum og búið til og tjáð sig um mynstur og reglur.

Rúmfræði og mælingar

Meginmarkmið

Meginmarkmið er að nemendur kynnist hugtökum úr rúmfræði s.s. formum og stærðum. Unnið er með ýmsar mælingar svo sem tímamælingar og þyngdar- og lengdarmælingar.

Tölfræði og líkindi

Meginmarkmið

Meginmarkmið er að nemendur geti safnað upplýsingum í umhverfi sínu sem og lesið úr og skráð í einföld súlurit.

Efnispættir

Tölur, talnaskilningur (eining, tugur, hundrað og þúsund), talnamynstur, reikniaðferðir (samlagning, frádráttur, margföldun, deiling), námundun, almenn

brot, flatarmál (lengd og breidd), ummál, form (hringur, þríhyrningur, rétthyrningur og ferningur), rúmfræði (gleitt- hvasst- og rétt horn, kúla, ferstrendingur, sívalningur, píramídi, teningur) klukkan (heilir og hálfir tímar-korter, mínútur), tímatal (mínútur, klukkustundir, sólarhringur) hitamælingar, hnit, súlurit, töflur, mælingar (lengd, cm, m/þyngd, grömm og kíló), speglun (spegilás, samhverfa), mynstur, orðaðæmi/þrautalausnir.

Leiðir að markmiðum

Kennslustundum er skipt í nokkra þætti. Í upphafi kennslustundar er athygli nemenda fönguð með t.d. stuttum þrautum, hugarreikningi, myndum eða upprifjun frá fyrri kennslustundum. Viðfangsefni dagsins lagt fyrir allan hópinn t.d. með notkun mynda, skjávarpa eða töflu. Leitast er við að virkja nemendur til umræðna um viðfangsefnið. Að því loknu vinna nemendur ýmist einstaklingslega, í samvinnu með öðrum, á stöðvum, eða í útikennslu. Nemendur vinna hlutbundið með námsgögn stærðfræðinnar (t.d. kubba og talnagrindur, kennslupeninga, málbönd, reglustikur) og fara í spil og leiki. Mikilvægt er að öll kennslutæki séu nemendum innan seilingar. Þegar því verður við komið kynna nemendur niðurstöður sínar munnlega (stærðfræðilegar umræður), skriflega og myndrænt. Í lok kennslustundar er viðfangsefni dagsins dregið saman með öllum hópnum.

Nemendur vinna að sömu viðfangsefnum en komið er á móts við ólíkar þarfir nemenda með mismunandi útfærslu.

Námsgögn

Kennsluefnið Matematikk (Neisti) sem byggir á hugmyndafræði Zankovs. Sproti 3a og 3b nemendabækur og æfingahefti. Stærðfræðispæjarar 1 og 2. Nemendur vinna eftir þörfum og getu í Viltu reyna bókunum, Í undirdjúpunum og Vasareiknibókum. Auk þess vinna nemendur ýmis sérútbúin verkefni.

Önnur námsgögn: kubbar, talnagrind, pinnabretti, kennslupeningar, málbönd og mælistikur, vasareiknar, vogir, speglar, klukkur, brotabútar og ýmis spil. Tölvur og kennsluforrit (Krakkavefurinn á nams.is)

Heimanám

Nemendur vinna aðra hverja viku heima valin stærðfræðiverkefni og fá þannig frekari þjálfun í því sem verið er að vinna í skólanum. Einnig er gert ráð fyrir að foreldrar/forráðamenn hjálpi börnum sínum að læra á klukku (tölvu- og skífuklukku).

Samfélagsgreinar

Markmið í samfélagsgreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Samfélagsgreinar](#) Viðmið má finna í lotum á mentor.

Meginmarkmið

Meginmarkmið í samfélagsgreinum er að nemendur geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og átti sig á að þeir eru hluti af stærra samfélagi. Við vinnum að því að nemendur kynnist fjölbreyttu lífi á Íslandi bæði í sveit og í borg, kynnist umhverfinu og náttúru Íslands.

Lífsleikni

Meginmarkmið

Lífsleikni telst til samfélagsgreina og unnið er með lífsleikni í öllum fögum. Aðaláherslur eru að nemendur átti sig á og geti lýst ýmsum tilfinningum, sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og geri sér grein fyrir styrkleikum sínum.

Trúarbragðafræði

Meginmarkmið

Helstu markmið eru að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum óháð trú.

Efnisþættir

Hegðun, tilfinningar, samskipti, gildi, reglur, siðir, venjur, ágreiningsmál, innlifun, sjálfsstjórn, hátíðir í kristni; páskar og jól, leikrit, jólaguðsspjall, jólasálmar.

Leiðir að markmiðum

Lögð er áhersla á að skapa gott andrúmsloft, að nemendur sýni hver öðrum virðingu og að þeir læri að vinna með samnemendum. Nemendur þurfa að sýna þeim sem talar virðingu með góðri áheyrn og taka þátt í umræðum. Nemendum er kennt á markvissan hátt að leysa úr vanda með því að staldra við, hugsa og reyna þannig að sjá fyrir afleiðingar gjörða sinna. Bekkjarfundir/árgangafundir haldnir.

Unnið er með margskonar texta og verkefni m.a. með aðferðum byrjendalæsis.

Umræður, bekkjarfundir, bekkjarreglur, setja sig í spor annarra, spil, leikir og tilraunir eru notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum.

Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum.

Nemendur læra um atburði sem tengjast páskum og jólum. Þeir setja upp helgileik (jólaguðspjallið)/læra jólasálma sem þeir flytja fyrir nemendur skólans og aðstandendur á litlu jölunum.

Náttúrugreinar

Markmið í náttúrugreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Náttúrugreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Meginmarkmið er að nemendur geti gert sér grein fyrir samspili náttúru og manna og geti tekið þátt í að bæta eigið umhverfi. Við vinnum með umhverfi og náttúru Íslands og nemendur læra t.a.m. heiti á nokkrum fjöllum.

Leiðir að markmiðum

Unnið er með margskonar texta og verkefni m.a. með aðferðum byrjendalæsis. Umræður, spil, leikir, athuganir, tilraunir eru notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Leitast er við að vettvangsferðir og útikennsla sé tengd efnisþáttum náttúrufræðinnar.

Námsgögn

Halló heimur 1, Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu eldgos, Komdu og skoðaðu bílinn. Ýmsar bækur, myndbönd og efni af neti um tré, jurtir, dýr og smádýr. Ýmis sérútbúin verkefni. Aðalviðfangsefni á þemadögum eru tré.

Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Erlend tungumál](#)

Meginmarkmið

Að nemendur geti tekið þátt í einföldum samskiptum á ensku og lesið/skrifað einföld orð eftir fyrirmynd.

Efnisþættir

Stafrófið, tölur, litir, fjölskyldan, heimili, líkamshlutar, matur, dagar, mánuðir, veðurfar, fatnaður, dýr, hátíðir og árstíðir.

Leiðir að markmiðum

Tónlist, hreyfing, orðasúpur, verkefni, ímyndun og leikir eru notaðir til að byggja upp orðaforða nemenda. Lögð er áhersla á hlustun, endurtekningu, myndefni og látbragð í kennslu. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig á ensku í tímum og æfa sig í samskiptum við aðra. Nemendur vinna ýmis verkefni einstaklingslega eða í hópi allt eftir því hvað á við hverju sinni. .

Námsgögn

Ýmis verkefni frá kennara.

Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið í upplýsingatæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Meginmarkmið

Að nemendur geti nýtt sér tölvur og snjalltæki til gagns og ánægju og beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu. Að nemendur geti nýtt tækni til að leita sér upplýsinga og farið eftir einföldum reglum er varðar tölvur og netnotkun.

Efnisþættir

Ritunarverkefni; uppsetning texta og myndskreyting, lyklaborð og fingrasetning, upplýsingaleit, siðferðilegt gildi á netinu, rafrænt námsefni (upplýsingar) og kennsluforrit.

Leiðir að markmiðum

Nemendur fá æfingu í fingrasetningu í gegnum kennsluforrit (heima og í skóla). Nemendur vinna ritunarverkefni í tölvu og fara í kennsluforrit. Tölva er notuð til þekkingar- og upplýsingarleitar. Samþætting við aðrar námsgreinar er höfð að leiðarljósi og eru verkefni sérstaklega valin með það í huga. Unnið er með spjaldtölvur í ýmsum verkefnum.

Námsgögn

Ritvinnsluforrit, Internetið, leitarforrit, kennsluforrit, spjaldtölvur.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Listgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi gagnvart samnemendum og öllu starfsfólki skólans
- fái tækifæri til að skapa
- kynnist fjölbreyttum efnum, áhöldum og aðferðum

Leiðir að markmiðum

Með innlögn er unnið út frá kveikju sem er grunnur að eigin sköpun nemenda í verkum sem sprottin eru af upplifun, sögum, umhverfi, náttúru og listaverkum.

Efnisþættir

Eru litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga, áherslan eftir aldri nemenda. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum.

Textílmennt

Markmið í textílmennt er að finna í í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi gagnvart samnemendum og öllu starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu og að nýta og fara vel með efni og áhöld

Efnisþættir

Nemendur læra undirstöðuatriði í vélsaumi og sauma í saumavél

Nemendur læra að skapa eigið myndverk og útfæra í efni.

Nemendur læra ýmis útsaumsspor.

Leiðir að markmiðum

Leitast er við að efla námsgleði og skapandi hugsun með verkefnum sem höfða til nemenda og hæfa aldri þeirra og þroska

Nemendur læra samvinnu t.d. með því að hjálpast að og styðja hvert annað í kennslustundum og á þemadögum og góða umgengni með því að ganga frá í stofu í lok hverrar kennslustundar. Nemendur læra að ganga inn og út úr stofu í röð í fylgd kennara og læra að hegðun og framkoma skipta máli

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að þroska og getu hvers og eins.

Hóþavinna þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri góða umgengni um skólann, umhverfið og náttúruna
- læri helstu hugtök og heiti greinarinnar sem eru til áherslu hverju sinni
- læri að móta eigin hugmyndir með tvívíðri teikningu
- læri að búa til snið í raunstærð
- læri að móta við með raspi
- læri að bora með handborvél og í súluborvél
- læri að negla

Efnispættir

Áhersla lögð á hönnun hugmynda og formun efnis. Hugmyndateikningar í tvívídd og sniðagerð. Nemendur gera lítinn spörfugl á standi og naglamynd.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins tilgreindur. Nemendum er kennd rétt beiting verkfæra og umgengni við vélar. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur meta eigin frammistöðu og annarra í ákveðnum verkþáttum. Í öllum árgöngum er unnið með endurvinnslu efnis. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð ásamt samvinnu og kurteisi í samskiptum. Auk þess er lögð áhersla á góða

umgengni í stofunni, um efni og áhöld og að nemendur gangi sameiginlega frá í stofu í lok hvers tíma.

Námsgögn

Ferilmappa nemenda, verkfæri smíðastofunnar, skriflegar leiðbeiningar og ýmiskonar efni.

Heimanám

Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar.

Tónmennt

Hæfniviðmið fyrir tónmennt í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast í þrjá meginflokka sem eru: Söngur og hljóðfæraleikur, hlustun og greining, og sköpun og skráning. Hæfniviðmiðin má finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Meginmarkmið 3. bekkjar skólaárið 2025-2026 eru:

Að nemendur

- syngi valin sönglög með tilbrigðum í hraða og styrkleika
- syngi einfaldar raddaðar laglínur svo sem í keðjusöng
- virði umgengisreglur við hljóðfæri kennslustofunnar
- spili laglínur og rytma í samspili ýmist á hljóðfæri eða með kroppaklappi
- þekki helstu hljóðfæraflokka og valin hljóðfæri innan þeirra
- greini valda tónlist út frá hraða styrkleika og blæ
- geti notað hljóðfæri úr nærumhverfi í einfalda sköpun

Efnisþættir

Söngur, markviss hlustun, rytmi (kroppaklapp og takthljóðfæri), þrástef og laglínur á laglínuhljóðfæri, hreyfing og leikir.

Leiðir að markmiðum

Söngur, samspil, tónlistarleikir, kynning á hljóðfærum, hljóðmyndaverkefni

Námsgögn

Tónlist og tíminn, Karnival dýranna, Hljóðleikhúsið, valin verkefni frá kennara.

Heimanám

Einstaka sinnum getur verið að nemendur séu beðnir um að æfa söngtexta heima.

Dans

Markmið í dansi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð með hreyfingum persónulega upplifun sína á tónlist
- geti dansað einföld spor í nokkrum dönsum
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tá og fram og aftur
- viti hvaða dans fellur að þeirri tónlist sem leikin er hverju sinni
- viti hvenær og á hvaða slætti í tónlistinni dansinn getur hafist
- kunni mismunandi dansstöður og hald
- læri að bjóða upp dans

Efnispættir

Cha cha frumspor, enskur vals, jive frumspor, samba frumspor, rumba, klappenade með chasse, stiginn skottís, party polki, línudansar, tískudansar, dans ársins, ýmsir dansleikir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur bæði dansa saman og eiga þá að bjóða upp og einstaklingslega þegar það á við. Farið verður í hina ýmsu dansleiki þar sem nemendur virkja ímyndunarafl sitt og sköpunargleði.

Námsgögn

Ýmis tónlist.

Heimanám

Ekkert sérstakt heimanám en nemendur hvattir til að æfa heima ný spor.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- geti unnið í samvinnu við aðra og sýnt þeim kurteisi

Efnisþættir

Reglur í kennslueldhúsi, hollar matarvenjur, fæðuflokkarnir, tengsl heilbrigðis og næringar, hreinlæti og örverur, tannvernd, áhaldafræði.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og áhöld sem notuð verða við gerð verkefnis. Innlögn er ýmist í formi sýnikennslu eða verkefni útskýrð myndrænt. Nemendur vinna ýmist saman eða einstaklingslega.

Námsgögn

Heimilisfræði 3 ásamt verkefnum af veraldarvefnum. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali.

Heimanám:

Skólaíþróttir

Markmið í íþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhyrningar
- öðlist betra þrek og þol
- öðlist færni í samvinnu og leik

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig

jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði.

Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska,

félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunarþroska.

Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteypfir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór, skólalóð og Íþróttasalur.

Sund

Markmið í sundi er að finna í

[Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- verði sjálfsöruggir og færir í vatninu
- þjálfist í félagsþroska (í formi leikja)
- fái þjálfun í ýmsum æfingum með og án áhalda

- þjálfist í samvinnu í sundleikjum
- læri fjölbreyttar æfingar sem reyna á samhæfingu hreyfinga
- geti synt 12 metra bringusund
- geti synt 12 metra skólabaksund
- geti synt 12 metra skriðsund
- geti synt 8 metra baksund
- geti kafað eftir hlut

Leiðir að markmiðum

Lögð áhersla á fjölbreyttar undirbúningsæfingar sem leggja grunninn að hinum hefðbundnu sundaðferðum. Í þessum æfingum er leitast við að ná tökum á að fljóta á bringu og baki, læra öndun og slaka á í vatninu, kafa eftir hlutum á botni laugar, fara í leiki sem efla þessa þætti. Að nemendur læri og æfi sundtökin jafnhliða því sem upp er talið.

Útikennsla

Meginmarkmið

Meginmarkmið tengjast viðmiðum samfélags- og náttúrugreina. Helstu markmið eru að nemendur kynnist umhverfi sínu og venjist útiveru í öllum veðrum.

Efnisþættir

Stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, íslenska, samskipti, leikir, hópefli, útivist, umhverfisvitund o.fl.

Leiðir að markmiðum

Farið er út með allan árganginn eða staka hópa í einu og unnið með ýmis verkefni sem tengjast námsefninu hverju sinni í samræmi við námsmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í smáum hópum. Unnið er nánar/ítarlegar með ýmis verkefni síðar í skólanum.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað til að hvetja nemendur og örva. Fylgst er með virkni og áhuga nemenda og fléttast matið inn í umsagnir í öðrum fögum.

Heimanám

Fylgjast með veðurfréttum og klæða sig eftir veðri.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Breiðagerðisskóla er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Hún getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi nám og kennslu og/eða annað sem snýr að nemendum. Yfirleitt snúa verkefnin þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.

Skólinn reynir að mæta öllum nemendum og veita þeim nám við hæfi. Stoðþjónustan er ein af leiðum skólans til koma til móts við þarfir nemenda sem af einhverjum ástæðum þurfa sérstakan stuðning í námi, í langan eða skemmri tíma. Stoðþjónustan getur falist í að gera breytingar á námsmarkmiðum, námsumhverfi, kennsluaðferðum og námsmati miðað við það sem almennt gerist og stundum er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrá er einstaklingsmiðuð kennsluáætlun þar sem fram kemur staða nemenda í námi, ákveðin markmið sem nemandi er ætlað að ná á skólaárinu og aðferðir sem notaðar eru til að meta hvort nemandinn hafi náð settum markmiðum. Nemendur geta verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum.

Stoðþjónustan nær yfir sérkennslu og stuðning, námsráðgjöf og aðra sérfræðiaðstoð. Innan hennar starfa eftirtaldir aðilar:

- **Sérkennarar** eða kennarar sem sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, inn í bekk eða í sérkennslustofu. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og í samvinnu við kennara og þroskaþjálfara vinna þeir einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir nemendur.

- **Þroskaþjálfar** vinna yfirleitt með ákveðnum nemendum en styðja einnig við ákveðna nemendahópa til dæmis hvað varðar félagsfærni. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.
- **Stuðningsfulltrúar** vinna undir leiðsögn deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfra við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna mest inn í bekk og bæði með einstaklingum og hópum.
- **Nemendaráðgjafi** stendur vörð um velferð allra nemenda, styður þá og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist og líðan nemenda. Hann heldur einnig utan um eineltisáætlun skólans.

Að auki á Breiðagerðisskóli, eftir því sem þurfa þykir, samstarf við ýmsa sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málefnum nemenda. Stoðþjónustan á til að mynda náið samstarf við Norðurmiðstöð þar sem starfa til dæmis talmeinafræðingar, sálfræðingar og fleiri aðilar.

Að síðustu má nefna það innan Breiðagerðisskóla starfar nemendaverndarráð sem fundar að öllu jafna aðra hvora viku. Þar sitja skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Ragna L. Jakobsdóttir

Nemendaráðgjafi er Guðlaug Sigurðardóttir